


Mosfellsbær umhverfisstefna Tenging við heimsmarkmið SP

Drög að umhverfisstefnu og tillögur um breytingar
Desember 2018

þekkingarleit -ar kvk



árangur ára kvk 2

virðing -ar, -ar kvk 1

for|skot kvk 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keppandi

18616

S:\2018\18616\18616_m_Heimsmarkmiðin_181412.docx

Mánuður og ár

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1 - DRÖG	14-12-2018	BS	BG	BG

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Tenging við Heimsmarkmið	3
2.1	Upphaflegu drögin	3
2.2	Tenging við undirmarkmið	4
2.3	Tillögur að tenginu við kafla í umhverfisstefnu	7
2.4	Frekari tenging við heimsmarkmið	8
3	Viðauki: Endurskoðuð umhverfisstefna og tillögur - Drög	9

1 Inngangur

Umhverfisstefna Mosfellsbæjar óskaði eftir að VSÓ Ráðgjöf færi yfir og kæmi með tillögur að breytingum á drögum að umhverfisstefnu Mosfellsbæjar 2018-2030.

Fyrir liggja drög að Umhverfisstefnu Mosfellsbæjar 2018-2030. Stefnan byggir á starfi í bæjarfélaginu undanfarin ár tengt Staðardagskrá 21 og einnig er horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Haldinn var íbúafundur í mars 2018 þar sem fjöldi hugmynda og tillagna kom frá íbúum. Drögin hafa verið lögð fram í nefndum og einhverjar athugasemdir og ábendingar borist.

Vinna Mosfellsbæjar hefur vakið athygli og er t.d. tekin sem dæmi ásamt fleiri sveitarfélögum í nýrri skýrslu Nordregio um sveitarfélög sem eru í forystu í að vinna með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

VSÓ Ráðgjöf hefur yfirfarið uppsetningu á drögnum og lagt til breytta uppröðun og skil á milli markmiða og leiða að þeim. Nokkrar tillögur eru gerðar um ný verkefni eða aðrar útfærslur, m.a. eftir yfirferð yfir niðurstöður frá íbúafundi og tillögur nefndarmanna í umhverfisstefnu. Einnig var horft til stefnumótunar stjórnvalda í loftslagsmálum og aðra stefnumótun í umhverfismálum.

Tillögur sem varða stefnuna sjálfa eru í viðauka, sett upp á sama hátt og drögin sem afhent voru við upphaf verkefnis. Nokkrar tillögur um frekari breytingar og athugasemdir eru í kommentum á spássíu og afstast.

Hér að neðan er farið yfir tenginu umhverfisstefnunnar við heimsmarkmið SP.

2 Tenging við Heimsmarkmið

2.1 Upphaflegu drögin

Í drögum að umhverfisstefnu sem lagt var upp með í verkefninu var tengin við heimsmarkmiðin eins og í töflu 1.

Tafla 1. Tengin við heimsmarkmið í upphaflegu drögnum.

1. UMHVERFISFRÆÐSLA		4 MENNTUN FYRIR ALLA	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	12 AÐBYRG NEYSLA
2. SKÓGRÆKT		3 HEILSA OG VELLÍKAN	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	15 LÍF Á LANDI
3. Landgræðsla		2 EKKERT HUNGUR	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	15 LÍF Á LANDI
4. SAMGÖNGUR		3 HEILSA OG VELLÍKAN	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	13 VERNDUN JARÐARINNAR

5. ÚTIVIST OG LÝÐHEILSA		3 HEILSA OG VELLÍBAN	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG
6. VATNSVERND		3 HEILSA OG VELLÍBAN	6 HRENT VATN OG SALEGNISÁSTADA 14 LF Í VATNI
7. MENGUN, HLJÓÐVIST OG LOFTGÆÐI	3 HEILSA OG VELLÍBAN	6 HRENT VATN OG SALEGNISÁSTADA	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG 13 VINDUN JARÐARINNAR
8. NEYSLA og ÚRGANGUR	2 EKKERT HUNGUR	6 HRENT VATN OG SALEGNISÁSTADA	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG 12 AÐBYRG NEYSLA
9. NÁTTÚRUVERND		11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	15 LF Á LÁNDI
10. DÝRAHALD			15 LF Á LÁNDI

2.2 Tenging við undirmarkmið

Farið var yfir undirmarkmið heimsmarkmiða og tekin fram hver þeirra tengjast endurskoðuðum drögum að umhverfisstefnunni. Hér að neðan eru samantekt yfir þau helstu. Ef birta á þessa samantekt væri gott að rýna hana betur og tengja við endanlega útgáfu af umhverfisstefnunni.



3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.

3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegmengunar.

Vakin er athygli á að markmiðið fjallar um heilbrigðisþjónustu og dauðsföll frekar en útvist og umhverfi.



4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.



6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.

6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.



11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningsgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötlðu fólki og öldruðum.

11.3 Eigi síðar en árið 2030 verði fjölgun í þéttbýli sjálfbær og íbúar alls staðar í heiminum taki meiri þátt í skipulagsmálum og samkomulagi um sjálfbærni.

11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.

11.a Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðapróun á landsvísu og innan svæða.



12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

12.3 Eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.

12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.

12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.

12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.

12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.

12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.



13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

13.3 Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörðunum.



14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.

14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að gripa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.



15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjallendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.

15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.

15.3 Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma á jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum.

15.5 Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.

15.8 Gripið verði til ráðstafana eigi síðar en árið 2020 til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni. Tegundunum efst á lista verði útrýmt eða útbreiðslu þeirra eða fjölgun stýrt.

Annað sem snert er á

Meira landbúnaðartengt

2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma lítið.

Íbúapátttakan og samstarf við önnur sveitarfélög. Er ekki beint í einum kafla. Svífur yfir.

17.17 Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirúmi.

Samgöngur en samt svo miklu viðtækara

9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfissvæna verkferla eftir getu.

2.3 Tillögur að tenginu við kafla í umhverfisstefnu

Í ljósi yfirferðar yfir undirmarkmið Heimsmarkmiðanna er lögð til eftirfarandi tenging. Hvatt er til að umhverfisnefnd rýni tillögurnar. Hér eru lögð til fleiri markmið frekar en færri og hugsanlega má einfalda eða breyta framsetningunni.

Tafla 2. Tengin Heimsmarkmiða og endurskoðaðrar umhverfisstefnu

1. UMHVERFISFRÆÐSLA	4 MENNTUN FYRIR ALLA	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	12 ABYRG NEYSLA	13 VEKNDUN JARÐARINNAR
---------------------	----------------------	----------------------------------	-----------------	------------------------

2. SKÓGRÆKT OG LANDGÆÐI			11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	15 LÍF Á LANDI
3. SAMGÖNGUR		3 HEILSA OG VELLÍÐAN	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	13 VERNUN JARÐARINNAR
4. ÚTIVIST OG LÝÐHEILSA			15 LÍF Á LANDI	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG
5. MENGUN, HLJÓÐVIST OG LOFTGÆÐI	3 HEILSA OG VELLÍÐAN	6 HREINT VATN OG SALERNISAÐSTADA	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	13 VERNUN JARÐARINNAR
6. SJÁLFBÆR NEYSLA				12 AÐBYRG NEYSLA
7. ÚRGANGUR			11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	12 AÐBYRG NEYSLA
8. NÁTTÚRUVERND OG VATNSVERND	6 HREINT VATN OG SALERNISAÐSTADA	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	14 LÍF Í VATNI	15 LÍF Á LANDI
9. DÝRAHALD				15 LÍF Á LANDI

2.4 Frekari tenging við heimsmarkmið

Í áframhaldandi vinnu með heimsmarkmiðin má setja fram mælikvarða tengt undirmarkmiðum sem eru valin. Sem dæmi gerir ríkisstjórnin það á þennan hátt:



Í þessum flokk mæla stjórnvöld þetta:

6.1.1 Hlutfall íbúa sem búa við örugga vatnsveitu.

• 6.2.1 Hlutfall íbúa sem nýtur öruggrar salernisaðstöðu, þ.m.t. handþvottaðstöðu með sápu og vatni.

• 6.3.1 Hlutfall skólps sem fær örugga meðhöndlun.

Umhverfisstefna Mosfellsbæjar 2018-2030

INNGANGUR

Mosfellsbær er um 11.000 manna bæjarfélag sem vaxið hefur ört undanfarin ár. Íbúafjöldgun er ein sú mesta á landinu, enda virðist

eftirsóknarvert að búa í grænum bæ með ríka tengingu við náttúru og útivist, og þá blöndu borgarsamfélags og sveitar sem þar er að finna. Bærinn er í útjaðri höfuðborgarsvæðisins og er um 220 ferkílómetrar að stærð, og státar af víðáttumiklum náttúrulegum svæðum með fell, heiðar, vötn og strandlengju.

TILGANGUR

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar ákvað í árslok 2017 að setja fram metnaðarfulla stefnu um hvernig Mosfellsbær skuli þróast á sjálfbæran og framsækinn hátt á næstu árum og áratugum. Markmiðið er að í Mosfellsbæ byggist upp til framtíðar enn sterkara og heilbrigðara samfélag öllum til heilla. Lögð er áhersla á sérstöðu og sjálfstæði bæjarfélagsins en einnig á stöðu bæjarins og hlutverk í samfelldri byggð höfuðborgarsvæðisins.

Lögð er áhersla á að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna endurspeglit í umhverfisstefnu bæjarins.

Tilgangurinn með umhverfisstefnu er margþættur, m.a.:

- auka umhverfisvitund íbúa
- stuðla að heilsusamlegra samfélagi
- auka lífsgæði íbúa
- tryggja hreina og óspillta náttúru
- hvetja til aukinnar útivistar
- hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í starfsemi bæjarins

VINNA AÐ SJÁLFBÆRNI

Mosfellsbær er annt um umhverfi sitt og hefur unnið ötullega að sjálfbærimarkmiðum á undanförunum árum. Umhverfisstarf Mosfellsbæjar á rætur að rekja þátttöku bæjarins í framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun fyrir sveitarfélagið, Staðardagskrá 21, árið 2001. Stefnumótun Mosfellsbæjar um sjálfbært samfélag til 2020 var samþykkt í ágúst 2009, ásamt framkvæmdaáætlun þar sem fram kom listi yfir fjölda verkefna er snúa að sjálfbærri þróun, og árlegum verkefnalista sem unnin eru í samráði við nefndir og stofnanir bæjarins.

Mosfellsbær hefur einnig tekið þátt í ýmsum verkefnum um sjálfbærni. Þar má nefna þátttöku í norrænu samstarfsverkefni um sjálfbærni og uppbyggingu betri miðbæja og íbúalýðræði (Attractive Nordic Towns), sem hófst haustið 2017 og stendur til 2019.

Mosfellsbær ákvað í lok árs 2017 að hefja vinnu við endurskoðun á nýrri umhverfisstefnu fyrir Mosfellsbæ. Lögð var áhersla á að umhverfisstefnan yrði unnin í góðu samráði við íbúa Mosfellsbæjar og endurspeglaði markmið um sjálfbæra þróun í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Vinna við nýja umhverfisstefnu hófst í ársbyrjun 2018 undir leiðsögn umhverfisnefndar í samstarfi við umhverfissvið Mosfellsbæjar. Boðað var til opins íbúafundar um umhverfismál í mars 2018 þar sem kallað var eftir áherslum íbúa varðandi umhverfismál og sjálfbærni í Mosfellsbæ. Haldin var vinnustofa undir handleiðslu ráðgjafa frá KPMG og margar góðar hugmyndir komu þar fram. Fundargestir fengu það verkefni að setja fram sínar hugmyndir að markmiðum og mikilvægustu aðgerðum/verkefnum til að ná markmiðunum og hvað íbúar sjálfir gætu gert til að hrinda þeim í framkvæmd. Unnið var með eftirfarandi áhersluflokka:

- Skógrækt og landgræðsla
- Vatnsvernd og náttúruvernd
- Umhverfisfræðsla
- Útivist og lýðheilsa
- Mengun, hljóðvist, loftgæði og samgöngur
- Endurvinnsla, neysla og græn innkaup

Reynt er að taka tilliti til áherslna sem fram komu á opna íbúafundinum við gerð umhverfisstefnunnar.

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Við gerð umhverfisstefnu Mosfellsbæjar voru höfð til hliðsjónar heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðar og hagsældar þar sem leitast er við að stuðla að friði um gjörvallan heim með auknu frelsi. Leitast er við að útrýma fátækt, græða jörðina, auka öryggi hennar og tryggja öllum mannréttindi og jafnrétti. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa breiða skírskotun og segja má að fátt sé þeim óviðkomandi í samfélagslegu tilliti. Í framkvæmd hvíla Heimsmarkmiðin á stoðum beggja stjórnsýslustiga eða ríkisstjórnarinnar annars vegar og sveitarstjórna hins vegar.

Í hverjum kafla umhverfisstefnunnar er gerð grein fyrir því hvaða kafla heimsmarkmiðana er horft til. Sérstaklega er horft til 11 kafla heimsmarkmiðana sem snúa að sjálfbærni sveitarfélaga, skipulagi þeirra og uppbyggingu, en einnig koma aðrir kaflar markmiðanna við sögu.

Athugasemd [BS1]: Má endurskrifa þegar við vitum betur hvað er tekið inn í stefnuna.



STEFNUR

Endurskoðun á umhverfisstefnu Mosfellsbæjar tengist beint stefnumótun Mosfellsbæjar árið 2008. Að þeirri vinnu komu starfsmenn Mosfellsbæjar, kjörnir fulltrúar og íbúar sveitarfélagsins. Sett var fram eftirfarandi framtíðarsýn:

- *Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi.*
- *Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi.*
- *Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar er skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi.*
- *Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.*

Í stefnumótuninni voru skilgreind gildi Mosfellsbæjar, sem eiga að vera leiðarljós í allri starfsemi sveitarfélagsins; **jákvæðni, virðing, umhyggja og framsækni.**

Hlutverk Mosfellsbæjar sem sveitarfélags var skilgreint á eftirfarandi máta: **“Mosfellsbær er framsækið sveitarfélag sem ræktar vilja og virðingu”.**

UPPBYGGING UMHVERFISSTEFNU

Umhverfisstefna Mosfellsbæjar er nokkurs konar regnhlíf yfir hinum ýmsu málaflokkum bæjarfélagsins sem snúa að umhverfismálum og sjálfbærni. Málaflokkarnir eru eftirfarandi.

1. Umhverfisfræðsla
2. Skógrækt og landgæði
3. Samgöngur
4. Útivist og lýðheilsa
5. Mengun, hljóðvist og loftgæði
6. Sjálfbær neysla
7. Úrgangur
8. Náttúruvernd og vatnsvernd
9. Dýrahald

Þar eru sett fram markmið í hinum ýmsu málaflokkum og tilgreindar leiðir sem stuðlað geti að því að markmiðum verði náð.

SÝN / YFIRMARKMIÐ

Mosfellsbær vill vera í fremstu röð sveitarfélaga hvar varðar sjálfbæra þróun, og mun því leitast við að vera framsækið, umhverfisvænt og nútímalegt bæjarfélag sem býður upp á fjölbreytileika.

1. UMHVERFISFRÆÐSLA



Yfirmarkmið

Umhverfisvitund bæjarbúa verði aukin til að bæta lífsgæði og vernda náttúru með því að umgangast umhverfi og náttúru af þekkingu og virðingu.

Markmið

- Íbúar þekki umhverfi bæjarins og umgangist náttúru af nærgætni og þekkingu.

Leiðir að markmiðum

- Fræðsluefni um náttúru Mosfellsbæjar verði aðgengilegt íbúum.
- Boðið verði uppá fræðslufundi og viðburði í samráði við félagasamtök um umhverfisvernd og útivist.
- Fyrirtæki verði hvött til að setja sér stefnu í umhverfismálum.
- Fræðsla um loftslagsmál, sjálfbærni og ábyrga neyslu.

Markmið

- Lögð verði áhersla á umhverfisfræðslu til barna og ungmenna í skólum og vinnuskóla Mosfellsbæjar.

Leiðir að markmiðum

- Mosfellsbær stuðli að uppsetningu útikennslusvæða í nágrenni skóla.
- Fræðsla um loftslagsmál, sjálfbærni og önnur umhverfismál verði hluti af kennslu í skólum bæjarins.
- Útbúið verði kynningarefni um umhverfismál fyrir vinnuskólann

Athugasemd [BS2]: setja gönguferðir fyrir almenning í samstarfi við einhverja? sbr. athugasemd bæjarfulltrúa. Hlaupahópar í náttúruhlaupum? hjólahópar? íþróttafélagið. Hestar? Setti þetta opnara frekar en að nefna skátana og skógrækt

Athugasemd [BS3]: Hvernig er hægt að virkja fyrirtækin? Þetta verkefni er einhvernvegin úr takti við annað hér. Fyrirtæki eru bara nefnd hér og varðandi mengun.

Athugasemd [BS4]: getur bærinn komið því inn?

Athugasemd [BS5]: Bæta inn fræðslu um loftslagsmál og vistvæna neyslu, sjálfbærni. (finna betra orð) í skólum? Plastið og ábyrgir neytendur, endurvinnsla, Skoða athugasemd frá bæjarfulltrúa michele

2. SKÓGRÆKT OG LANDGÆÐI



Yfirmarkmið

Að tryggja skynsamleg og hagkvæma landnýtingu og landgæði. Stuðlað verði að verndun líffræðilegrar fjölbreytni og uppbyggingu vistkerfa. Skógrækt til skjólmyndunar og útivistar fyrir almenning verði aukið. Komið verði í veg fyrir skemmdir á landsvæðum, unnið verði að uppgæðslu örfoka mela og endurheimt mýra og birkiskóga.

Markmið

- Að skógrækt í Mosfellsbæ verði með ábyrgum og skipulögðum hætti í sátt við umhverfi og íbúa. Skógur verði í meira mæli nýttur sem skjólgróður og skógræktarsvæði verði opin almenningi til útivistar.

Leiðir að markmiðum

- Unnið verði að plöntun á skjólgróðri á völdum svæðum í bænum.
- Garðyrkjudeild Mosfellsbæjar verði í samstarfi við skógræktarfélagið og aðstoði við grisjun, stígagerð og viðhald skógarsvæða.
- Upplýsingar um starf og áætlanir Skógræktarfélags Mosfellsbæjar verði kynnt fyrir umhverfisnefnd Mosfellsbæjar árlega.
- Haldnir verði fræðslufundir fyrir bæjarbúa um skógræktarmál í samstarfi við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar.

Markmið

- Komið verði í veg fyrir skemmdir á landsvæðum og unnið verði að uppgæðslu örfoka mela. Stefnt verði að endurheimt votlendis og birkiskóga.

Leiðir að markmiðum

- Aukin áhersla verði sett á uppgæðslu örfoka lands og að draga úr jarðvegsrofi.
- Samstarf verði aukið við Landgræðsluna um uppgæðslu lands.
- Stöðvað verði landbrot af völdum fallvatna.
- Unnið verði að endurheimt mikilvægra vistkerfa eins og votlendis og birkiskógar þar sem þess er kostur.... hvað eru þau nákvæmlega að gera?
- Nemendur fái skóg/mýri til að kolefnisjafna skólann...

Markmið

- Sjálfbær landnýting innan sveitarfélagsins. Komið verði í veg fyrir ofbeitt á grónu landi og unnið verði að eyðingu ágengra plöntutegunda.

Leiðir að markmiðum

- Fram fari fagleg úttekt á ástandi beitarhóla og beitarlanda í Mosfellsbæ.
- Unnið verði skipulega að því að slá lúpínu og skógarkerfil í sveitarfélaginu til að hindra útbreiðslu á viðkvæmum svæðum, útivistarsvæðum og opnum svæðum í byggð.
- Íbúar verði hvattir til þess að nýta land á sjálfbæran máta.

Athugasemd [F36]: Breytti landgræðsla í landgæði. Má eflaust finna betra orð. Þarf að ná yfir landgræðslu og endurheimt mýra ofi.

Athugasemd [BG7]: Getur þetta verið Landnýting og landgæði - skógrækt bara einn liður ekki aðal

- Endurheimt og uppbygging raskaðar vistkerfa
- Skógrækt

Athugasemd [BS8]: tengja við loftslagsmál og þurrkun mýra. Getur bærinn lagt sitt af mörkun til að endurheimta land?

Athugasemd [BS9]: athugasemd bæjarfulltrúa um að skólar kolefnisjafni með skógrækt (mætti líka vera mýrarnar). Góð hugmynd.

Athugasemd [F310]: Er unnið að grænu skipulag ?

Athugasemd [BS11]: unnið verði að.... (sammála michele. ceikt orðalag) tengja loftslagsmálum?

Athugasemd [BS12]: Á þetta að vera svona ákveðið?

Athugasemd [BS13]: unnið verði að.... (sammála michele. ceikt orðalag) tengja loftslagsmálum?

Athugasemd [F314]: Skerpa á verkefni

Athugasemd [BS15]: sbr. bæjarfulltrúinn

3. SAMGÖNGUR



Yfirmarkmið

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með uppbyggingu vistvænna samgangna. Hlutur almenningsamgangna verði aukin, hjólreiðar verði raunverulegur valkostur og stutt verði við orkuskipti í samgöngum. Áhersla verði á umferðaröryggi.

Markmið

- Aukin áhersla verði á vistvænar samgöngur og að auka hlut almenningsamgangna.

Leiðir að markmiðum

- Tryggt verði að öll hverfi í sveitarfélaginu hafi góðan aðgang að almenningsamgöngum.
- Mosfellsbær taki virkan þátt í Evrópsku Samgönguvíkunni

Markmið

- Lögð verði áhersla á að tryggja gott göngu- og hjólastíganet í sveitarfélaginu með áherslu á umferðaröryggi.

Leiðir að markmiðum

- Unnið verði að fjölgun göngu- og hjólreiðastíga og viðhaldi núverandi stíga.
- Samræming í uppbyggingu lykilleiða og merkingum hjólreiðastíga verði í samráði sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu .
- Skipulagðir verði hjólastígar samhliða uppbyggingu gatna og göngustíga í nýjum hverfum.
- Leitast verði við að aðskilja umferð hjólandi og gangandi með aðgreiningu stíga.
- Hugað verði að fjölgun gangbrauta eða undirganga við umferðapunga vegi.

Markmið

- Að bærinn verði þátttakandi í orkuskiptum og innviðir í sveitarfélaginu styðji við tækniþróun sem framundan er.

Leiðir að markmiðum

- Uppbygging hleðslustöðva við stofnanir sveitarfélagsins.
- Hugað að tenginum fyrir rafbíla í nýbyggingum á vegum bæjarins.
- Styðja við uppbyggingu innviða fyrir hleðslu á rafbílum í heimahúsum.
- Bærinn kaupi vistvæna bíla fyrir sína eigin notkun.

Athugasemd [BS16]: bærinn kaupi vistvæna bíla sjálfur?

Athugasemd [BS17]: bæjarfulltrúi talaði um viðgerðarkassa viðhald og holar lagfærðar

Athugasemd [BS18]: sbr. bæjarfulltrúinn. Sammála. Koma skipulagsmálum hér inn.

Athugasemd [BS19]: Bætti inn markmiði um nýja orkugjafa.

Athugasemd [BS20]: ath. laga orðalag á setningum hér að neðan miðað við hvað þau vilja gera.

Athugasemd [BS21]: er hægt að vera með leiðarljós um þetta? Getur bærinn gert eitthvað?

4. ÚTIVIST OG LÝÐHEILSA



Yfirmarkmið

Stuðlað verði að útivist og heilsueflingu í sveitarfélaginu og að íbúar í Mosfellsbæjar hafi góðan aðgang að útivistarsvæðum.

Markmið

➤ Að allir íbúar hafi góðan aðgang að útivistarsvæðum með góðri aðstöðu.

Leiðir að markmiðum

- Áfram verði unnið að uppbyggingu útivistarsvæða í Mosfellsbæ og auðveldu aðgengi fyrir alla.
- Reglulegt eftirlit fari fram með viðhaldi opinna leiksvæða í bænum.
- Mosfellsbær verði þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi samfélag.
- athugasemd frá bæjarfulltrúa um fleiri bekki t.d. fyrir gamalt fólk. Einnig hvar fræðsluskilti eru og gönguleiðir.

Markmið

➤ Aðgengi að útivistarsvæðum og náttúru í Mosfellsbæ verði auðveldað.

Leiðir að markmiðum

- Fjölgað verði merktum gönguleiðir í sveitarfélaginu, s.s. með stikum, fræðsluskiltum eða stígagerð.
- Upplýsingar um útivistarsvæði og friðlýst svæði séu aðgengileg á heimasíðu bæjarins.
- Samstarf verði aukið með Reykjavíkurborg um viðhald og verndun Úlfarsfells sem útivistarsvæðis.

Markmið

➤ Umhverfi Mosfellsbæjar verði fallett og snyrtilegt.

Leiðir að markmiðum

- Reglulega fari fram hreinsunaráttak í bænum þar sem opin svæði, stígar og götur eru hreinsuð. Íbúar, stofnanir og fyrirtæki hvött til að hreinsa til í sínu nærumhverfi.
- Umgengni á byggingasvæðum verði bætt til að tryggja góðan frágang og koma í veg fyrir slysaþættu.
- Áfram verði veittar umhverfisviðurkenningar í Mosfellsbæ fyrir góðan árangur í umhverfismálum.

Athugasemd [BS22]: yfirmarkmið nái utan um bæði útivist göngugarpa, hjólafélks, reiðmanna en líka Lýðheilsu: börn á leikvöllum, eldra fólk sem gengur í sundlaugina, fatlaðir etc.

Athugasemd [BS23]: Er ekki verið að bæta t.d. grillaðstöðu, snyrtingar,.....

Athugasemd [BS24]: er þetta ekki eitthvað mál? aldraðir og fatlaðir séu líka með? lýðheilsa? sbr. markmið 11.7 í heimsmarkmiðum

Athugasemd [BS25]: sbr. athugasemd nefndarmanna

5. MENGUN, HLJÓÐVIST OG LOFTGÆÐI



Yfirmarkmið

Draga skal úr neikvæðum áhrifum mengunar, hvort sem er í lofti, á láði eða legi. Komið í veg fyrir mengun í ám og vötnum.

Markmið

- Að draga úr neikvæðum áhrifum mengunar, hvort sem er í lofti, á láði eða legi.

Leiðir að markmiðum

- Áfram fari fram gott samstarf við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis vegna mengandi starfsemi.
- Brugðist verði skjótt við öllum ábendingum eða vísbendingum um mengun.
- Auka aðgengi íbúa að upplýsingum um mengunarmælingar.

Athugasemd [BS26]: setningin er komin upp í yfirmarkmið svo hér má bæta við setningu sem endurspeglar leiðirnar nánar en nú er

Athugasemd [BS27]: soldið almennt. Má kjarna þetta betur?

Athugasemd [BS28]: sbr. nefndarmenn. Bæta við? Er ekki ýmislegt til? vöktun vatns og loftgæða?

Markmið

- Lögð verði áhersla á öruggt og heilsusamleg loftgæði fyrir íbúa og dregið verði úr mengun frá bílaumferð.

Leiðir að markmiðum

- Mælingar fari fram á loftgæðum í Mosfellsbæ.
- Götur og stígar verði hreinsaðir af fokefnum þegar ástæða er til, t.d. vegna framkvæmda.
- Almennungur verði hvattur til að draga úr notkun nagladekkja eins og kostur er.

Markmið

- Dregið verði úr áhrifum umferðarhávaða á byggð.

Leiðir að markmiðum

- Fram fari hljóðvistarmælingar við helstu stofnæðar í sveitarfélaginu.
- Hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði verði uppfært reglulega og aðgerðaráætlun endurmetin í kjölfarið.
- Afmarka kyrrlát svæði, sbr. reglugerð 1000/2005??

Athugasemd [BS29]: sbr. reglugerð 1000/2005. Er kannski gert nú þegar.

Athugasemd [BS30]:
<https://www.ust.is/einstaklingar/umhverfi-og-heilsa/havadi/havadakort/>
Nefndin meti eftir því hvað er að gerast með þetta mál. sjá nýja frétt:
<https://ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2018/12/10/Kortlagning-havada-/>

Athugasemd [BS31]: er þetta gert?

Athugasemd [BS32]: grænbláar lausnir notaðar?

Markmið

- Komið verði í veg fyrir mengun í regnvatnsfráveitu, ám og vötnum.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Brugðist verði strax við ábendingum og vísbendingum um hvers konar mengun í fráveitu.
- Bæklingur, *Verdum ámar okkar*, verði gerður aðgengilegur íbúum.

- Virkt eftirlit verði haft með ástandi og hreinsun rotþróa í Mosfellsbæ.
- Við hönnun nýrra hverfa verði horft til blágrænna ofanvatnslausna.
- Upplýsa íbúa um hvað má ekki fara í fráveitu.

Athugasemd [BS33]: hver er stemmingin fyrir þessu í bænum?

Athugasemd [BS34]: sbr. athugasemd nefndar

6. SJÁLFBÆR NEYSLA



Yfirmarkmið

Aukin áhersla verði á vistvæn innkaup og aðgengi að vistvænum vörum og vörum framleiddum í heimabyggð. Áhersla lögð á að draga úr notkun á plastpokum, einnota vörum og matarsóun.

Athugasemd [BS35]: taka aðeins lengra en plastpokana. spurning um þetta?

Markmið

- Aðgengi að vistvænum vörum verði aukið.

Leiðir að markmiðum

- Mosfellsbær setji vistvæn innkaup á dagskrá í rekstri bæjarins.
- Fræðsla um vistvæn innkaup verði gerð aðgengileg almenningi og íbúar hvattir til að huga að neyslu.
- Fyrirtæki í Mosfellsbæ verði hvött til að bjóða vistvænar eða umhverfismerktar vörur og vörur framleiddar í heimabyggð.
- Mosfellsbær bjóði íbúum matjurtagarða til ræktunar á hagstæðu verði.
- Styðja við bændamarkað í Mosfellsdal? Tengist bærinn því eitthvað?

Athugasemd [BS36]: Bæta þessu við? vistvæn innkaup bæjarins sjálfs. Er fólk til í það?

Markmið

- Dregið verði úr notkun einnota plasti/vörum. Dregið verði úr matarsóun.

Athugasemd [BS37]: ath hvort þetta eigi heima hér. Vilji til að hafa þetta inni?

Athugasemd [BS38]: Laga þennan kafla. hafa almennara um minni sóun og almennt sjálfbærari neyslu? finna orðalag. minna einnota?

Athugasemd [BS39]: Taka lengra, einnota umbúðir, einnota vörur??

Leiðir að markmiðum

- Fyrirtæki og íbúar í Mosfellsbæ verði hvött til þess að draga úr notkun á plastpokum í sinni starfsemi.
- Unnið verði með mótuneytum í stofnunum bæjarins að því að draga úr matarsóun.

Athugasemd [BS40]: breyta í plastumbúðir sbr. bæjarfulltrúann? Taka samstarf við fyrirtæki áfram? Eða einnota umbúðir?

7. ÚRGANGUR



Yfirmarkmið

Minnka myndun úrgangs og auka áherslu á endurvinnslu og endurnýtingu á heimilum og hjá fyrirtækjum.

Markmið

- Unnið verði að þróun lausna í úrgangsstjórnun.

Leiðir að markmiðum

- Upplýsingar um grenndarstöðvar, gámastöðvar og aðrar flokkunarleiðir verði aðgengilegar fyrir almenning, s.s. á heimasíðu bæjarins.
- Unnið verði að fjölgun grenndargámastöðva í Mosfellsbæ.

Athugasemd [BS41]: Kom frá nefndarmanni. Vel orðað. Má setja fleiri leiðir undir þetta markmið?

8. NÁTTÚRUVERND OG VATNSVERND



Yfirmarkmið

Lögð verði áhersla á vernd náttúru, friðlýsingu náttúrusvæða og aðgengi almennings að þeim. Tryggt verði aðgengi að hreinu neysluvatni.

Markmið

- Lögð verði áhersla á vernd náttúru, friðlýsingu náttúrusvæða og aðgengi almennings að þeim.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Lögð verði áhersla á verndun strandlengjunnar og leirunnar við Leiruvog.
- Unnið verði að friðlýsingu náttúruvætta og gerð friðlýsingaráætlana í Mosfellsbæ.
- Upplýsingar um friðlýst svæði verði gerð aðgengileg almenningi í fræðsluefni, m.a. á heimasíðu bæjarins.

Markmið

- Treysta þarf mikilvægi Varmár sem mikilvægs útivistarsvæðis í byggð.

Leiðir að markmiðum

- Farið verði í varanlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir bakkarof og til að tryggja aðgengi meðfram ánni.
- mengunarmálur við ána? bæklingurinn á hann að vera hér eða í mengun?

Markmið

- Aðgengi að hreinu vatni verði áfram tryggt.

Leiðir að markmiðum

- Virkt eftirlit verði haft með gæðum neysluvatns og mengunarmálum í vatnsbólum Mosfellsbæjar.

Athugasemd [BS42]: þarf að umorða annað hvort þetta eða yfirmarkmiðið

Athugasemd [BS43]: ath

Athugasemd [BS44]: hvaðan kemur vatnið? Skoða þetta betur. Má jafnvel bæta í hér.

9. DÝRAHALD



Yfirmarkmið

Velferð dýra verði höfð að leiðarljósi.....

Markmið

- Við allt dýrahald verði lögð áhersla á velferð dýra

Leiðir að markmiðum

- Dýraeftirlitsmaður tilkynni alla slæma meðferð á dýrum til Matvælastofnunar sem fer með málefni dýravelferðar.
- Reglur um hundahald, kattahald, hæsnahald og kanínur verði aðgengilegar á heimasíðu Mosfellsbæjar.
- Unnið verði að takmörkun á fjölgun refa, minka og vargfugla í sveitarfélaginu með aðstoð meindýraeyða.

Athugasemd [BS45]: skil ekki alveg þennan punkt. þarf að umorða miðað við verkefnið. skil ekki pointið.

Annað sem mætti taka inn :

- Fornminjar. Saga. ef eitthvað er til um það má það vera með
- Eiturefnanotkun í bænum, t.d. landbúnaði. Er stefna þar?
- Sjálfbær þróun samfélagsins sé leiðarljós við skipulag byggðar og umhverfis og við hönnun mannvirkja., sbr. Garðabær. Hér mætti t.d. taka inn byggingar á vegum bæjarins
- Vöktunaráætlanir varðandi mengum umhverfis. Er hes að mæla t.d. mengun í ánni og á ströndinni?
- Eru einhverjar mælingar á lofgæðum í gangi? er hægt að nota það eitthvað hér?
- bæta inn náttúru og sögulega minjar. Taka fornminjar og sögu inn. Hvað með Álafossvæðið t.d ? Iðnaðarsaga?
- Bætt aðgengi að opnum svæðum, t.d. hjólastólar, eldri borgarar (bekkir), hundaeigendur, hestar.....
- Reiðstígar. Er það hér inni? bæði varðandi útivist og dýrahald.
- Útivistarsvæði fyrir hunda. Er það til? ætti það að vera inni?
- Framkvæmdir á vegum bæjarins séu þannig að sem minnstu verði raskaða og hugað verði að mengunarvörnum og öryggismálum í framkvæmdum.

Spurningar :

- Hvaðan kemur neysluvatn? Veitum eða eiga þeir eigin vatnsveitu?
- Þekkir hann vinnu í sambandi við rg. 1000/2005? væri ráð að taka uppfærslu á kortinu og aðgerðaráætlun inn? Einnig hljóðu svæðin?